



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

### **Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning**

Á fundi velferðarráðs þann 1. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

- að hækka eignamörk sérstaks húsnæðisstuðnings úr 6.186.000 kr. í 7.158.000 kr. (3. gr.).
- að hækka tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings um 7,40% (5. gr.).
- að hækka lágmarks húsnæðiskostnað úr 40.000 kr. í 50.000 kr. (4. gr.).
- að gert verði skýrara að sérstakur húsnæðisstuðningur sé ekki greiddur aftur í tímann (6. gr.).
- að gert verði skýrara að það sé ekki skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings vegna 15-17 ára barna að umsækjandi fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur (8. gr.).
- að fallið verði frá endurnýjun umsókna (9. gr.).
- að umsóknir falli sjálfkrafa úr gildi að loknum endurútreikningi á sérstökum húsnæðisstuðningi í kjölfar lokauppgjörs frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, ef umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglnanna, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings (9. gr.).
- að velferðarsviði verði heimilt við endurskoðun að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi við vangreiðslur sem endurskoðun nær til (12. gr.).
- nokkrar breytingar verði gerðar á orðalagi, s.s. í stað orðsins þjónustumiðstöð verði notað orðalagið miðstöð Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöð í hverfi, eftir því sem við á, og einnig verði nokkrum orðum skipt út með tilliti til kynhlutleysis, þ.e. heimilismönnum fyrir heimilisfólk og starfsmönnum fyrir starfsfólk.
- að orðalagsbreytingar verði gerðar til samræmis við þá framkvæmd að nú er unnt að sækja rafrænt um sérstakan húsnæðisstuðning og að í stað heitisins Lánasjóður íslenskra námsmanna komi Menntasjóður námsmanna (2. gr.).
- að bráðabirgðaákvæði II og III falli brott.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt. Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Umræddar breytingar eru í samræmi við reglugerðarbreytingu á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur sem tók gildi þann 1. janúar 2023 og fól í sér að grunnfjárhæðir húsnæðisbóta voru hækkaðar auk þess sem frítekjumörk voru hækkuð. Aðrar breytingar sem lagðar eru til í reglunum eru ætlaðar til að skerpa á vissum þáttum og auka samræmi



milli húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá fela breytingarnar einnig í sér minni umsýslu fyrir notendur auk vinnusparnaðar fyrir starfsfólk.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að leggja til hækkun á húsnæðisstuðningi sem er mjög mikilvægt fyrir leigjendur þar sem leiguverð er gríðarlega hátt og leigjendur margir gjörsamlega að sligast. Fulltrúi sósíalista fagnar því að verið sé að falla frá því að umsækjendur þurfi að endurnýja umsókn á 12 mánaða fresti. Leigjendur hafa áður þurft að gera slíkt þrátt fyrir að ekkert hafi breyst í þeirra stöðu. Fulltrúi sósíalista telur að ráðast þurfi að rót vandans sem er hagnaðardrifið húsnæði sem gerir það að verkum að leigjendur greiða allt of hátt verð fyrir húsnæði. Á meðan ekki er til nægt félagslegt húsnæði þarf að mæta leigjendum með húsnæðisstuðningi. Hér eru lagðar til breytingar sem þýða að greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings sé að lágmarki 50.000 en áður var það 40.000. Gert er ráð fyrir að 618 notendur muni fá lægri greiðslur vegna hækkunar á lágmarki húsnæðiskostnaðar. Mikilvægt er að reglur um húsnæðisstuðning nái utan um öll sem eru í viðkvæmri stöðu og greiða hátt hlutfall af ráðstöfunartekjum sínum í leigu. Þá er einnig mikilvægt að hægt sé að fá greiðslur aftur í tímann ef eðlilegar ástæður liggja þar að baki.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytingarinnar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarasdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, ásamt fylgiskjölum, lögð fram á fundi velferðarráðs 1. mars 2023.



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni tillögu: *Breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning***

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

- að hækka eignamörk sérstaks húsnæðisstuðnings úr 6.186.000 kr. í 7.158.000 kr. (3. gr.).
- að hækka tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings um 7,40% (5. gr.).
- að hækka lágmarks húsnæðiskostnað úr 40.000 kr. í 50.000 kr. (4. gr.).
- að gert verði skýrara að sérstakur húsnæðisstuðningur sé ekki greiddur aftur í tímann (6. gr.).
- að gert verði skýrara að það sé ekki skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings vegna 15-17 ára barna að umsækjandi fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur (8. gr.).
- að fallið verði frá endurnýjun umsókna (9. gr.).
- að umsóknir falli sjálfkrafa úr gildi að loknum endurútreikningi á sérstökum húsnæðisstuðningi í kjölfar lokauppgjors frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, ef umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglnanna, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings (9. gr.).
- að velferðarsviði verði heimilt við endurskoðun að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi við vangreiðslur sem endurskoðun nær til (12. gr.).
- nokkrar breytingar verði gerðar á orðalagi, s.s. í stað orðsins *þjónustumiðstöð* verði notað orðalagið *miðstöð Reykjavíkurborgar* eða *viðeigandi miðstöð í hverfi, eftir því sem við á*, og einnig verði nokkrum orðum skipt út með tilliti til kynhlutleysis, þ.e. heimilismönnum fyrir heimilisfólk og starfsmönnum fyrir starfsfólk.
- að orðalagsbreytingar verði gerðar til samræmis við þá framkvæmd að nú er unnt að sækja rafrænt um sérstakan húsnæðisstuðning og að *í stað heitisins Lánasjóður íslenskra námsmanna* komi *Menntasjóður námsmanna* (2. gr.).
- að bráðabirgðaákvæði II og III falli brott.

### **Greinargerð:**

Breytingar þessar eru gerðar með vísan til breytinga á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur sem tók gildi þann 1. janúar 2023 og fól í sér að grunnfjárhæðir

húsnæðisbóta voru hækkaðar auk þess sem frítekjumörk voru hækkuð. Aðrar breytingar sem lagðar eru til í reglunum eru ætlaðar til að skerpa á vissum þáttum og auka samræmi milli húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá fela breytingarnar einnig í sér minni umsýslu fyrir notendur auk vinnusparnaðar fyrir starfsfólk.

Nánari grein er gerð fyrir framangreindum tillögum í meðfylgjandi minnisblaði. Einnig er meðfylgjandi tillögu þessari viðauki sem sýnir breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning*

### 1. Forsaga:

Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016 og tóku þær gildi þann 1. janúar 2017. Þann 1. júní 2017 tóku gildi breytingar á 4. gr. reglnanna þar sem hlutfall sérstaks húsnæðisstuðnings af húsnæðisbótum var hækkað. Hámark samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings var tilgreint 90.000 kr. og lágmarks húsnæðiskostnaður að fjárhæð. 40.000 kr. var tilgreindur, þ.e. að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Breytingar varðandi hækkun hlutfalls sérstaks húsnæðisstuðnings af húsnæðisbótum voru gerðar afturvirkar frá 1. janúar 2017, sbr. bráðabirgðaákvæði III í reglunum. Frá gildistöku reglnanna hafa tekju- og eignamörk einnig verið uppfærð.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning grundvallast á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 2. Greinargerð:

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur sem fólu í sér að grunnfjárhæðir húsnæðisbóta voru hækkaðar auk þess sem frítekjumörk voru hækkuð. Mikil eftirspurn hefur verið eftir húsnæði á leigumarkaði en takmarkað framboð er af slíku húsnæði sem hefur leitt til hækkunar á leiguverði. Með vísan til þess er lagt til að hækka tekju- og eignamörk reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning ásamt því að hámark samanlagðs sérstaks húsnæðisstuðnings og húsnæðisbóta verði hækkað, leigjendum til hagsbóta. Einnig er lagt til að hækka lágmarks húsnæðiskostnað.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á reglunum eru ætlaðar til að skerpa á vissum þáttum og auka samræmi milli húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá fela breytingarnar einnig í sér minni umsýslu fyrir notendur auk vinnusparnaðar fyrir starfsfólk.

Þann 1. júní 2022 breyttist grunnfjárhæð húsnæðisbóta og hækkaði hún um 10%. Þann 1. janúar 2023 var grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkuð á ný og þá um 14%. Sú hækkun hefur bein áhrif á greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings þar sem í 4. gr. reglna

Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning kemur fram að sérstakur húsnæðisstuðningur sé reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. í húsnæðisbætur fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning.

Áætlun ársins 2023 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.492 m.kr. og gert er ráð fyrir að breytingar sem hér eru lagðar til geti leitt til aukins kostnaðar. Áætla má að hærri tekjumörk geti leitt til þess að fleiri notendur muni eiga rétt á sérstökum húsnæðisbótum, auk þess að fjöldi notenda muni aukast sem mun leiða til meiri kostnaðar. Komi ekki til neinna breytinga mun kostnaður vegna sérstaks húsnæðisstuðnings lækka þar sem hærri hlutdeild hámarks samanlagðra bóta kemur frá ríkinu og sérstakar húsaleigubætur lækka á móti hærri húsnæðisbótum.

Til þess að meta kostnað þeirra tillagna sem hér eru settar fram var forsendum í umsóknum í desember 2022 breytt og metinn var munurinn á kostnaði með og án breytinga. Í desember 2022 voru 3.648 umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning og þar af voru 202 sem fengu ekki greiðslu. Alls voru 1.268 umsóknir með skerðingu vegna tekna eða 40% umsókna.

Tafla 1. Tölulegar upplýsingar um umsóknir í desember 2022 eftir fjölda íbúa í húsnæði

Fjöldi íbúa í húsnæði	Fjöldi notenda	Heildartekjur að meðaltali	Meðal-leiguverð	Samanlagðar húsnæðisbætur að meðaltali	Greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur að meðaltali
1	2.031	394.565 kr.	148.754 kr.	69.245 kr.	30.166 kr.
2	614	396.810 kr.	187.887 kr.	86.565 kr.	43.820 kr.
3	396	430.334 kr.	207.440 kr.	87.942 kr.	35.831 kr.
4 eða fleiri	298	457.072 kr.	222.072 kr.	86.726 kr.	31.187 kr.

### 3. Hækkun eignamarka

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. er svohljóðandi:

#### 3. gr.

#### Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

.....

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 6.186.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

.....

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en **7.158.000 kr.**

Þegar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning voru upphaflega samþykktar var gert ráð fyrir að eignamörk væru þau sömu og þau mörk sem sett eru fyrir leigjendur Félagsbústaða enda er stór hluti þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning að leigja hjá Félagsbústöðum. Lagt er til að eignamörk hækki til samræmis við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði en miðað við tillögu um

breytingu á félagslegu leiguhúsnæði sem liggur fyrir velferðarráði þá er lagt til að eignamörk í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði verði hækkuð í 7.158.000 kr.

Ekki er gert ráð fyrir að hækkun eignamarka leiði til aukinna útgjalda vegna lítils fjölda notenda með miklar eignir umfram eignamörk. Gert er ráð fyrir að minna en 1% notenda munu fá greitt eftir hækkun eignamarka.

#### 4. Hækkun tekjumarka

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

##### 5. gr. Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Fjöldi heimilis-manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292	6.119.111	407.941	509.926
2	6.474.408	8.093.017	539.534	674.418
3	7.579.800	9.474.752	631.650	789.563
4 eða fleiri	8.211.456	10.264.31	684.288	855.360

Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis-manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.257.544	6.571.930	438.129	547.661
2	6.953.525	8.691.906	579.460	724.326
3	8.140.713	10.175.891	678.393	847.991
4 eða fleiri	8.819.106	11.023.883	734.926	918.657

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 7,40% til jafns við hækkuð tekjumörk húsnæðisbóta, sbr. reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur og breytingin gildi frá 1. janúar 2023. Um er að ræða ívilnandi breytingu fyrir umsækjendur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Núgildandi tekjumörk voru samþykkt í september 2022 og giltu afturvirkir frá 1. júní 2022. Í ljósi verðlagspróunar á árinu 2022 voru framkvæmdar mótvægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa. Bætur almannatrygginga hækkðu um 3% frá 1. júní 2022 og hækkðu framfærsluviðmið örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega vegna sérstakrar uppbótar einnig um 3%. Þar að auki hækkðu grunnfjárhæðir húsnæðisbóta um 10% frá 1. júní 2022 og frítekjumörk húsnæðisbóta um 3% afturvirkir frá 1. janúar 2022. Um áramótin 2023 voru almannatryggingar hækkaðar um 7,4% ásamt tekjumörkum húsnæðisbóta. Þá hækkaði grunnfjárhæð húsnæðisbóta einnig um 14% þann 1. janúar 2023.

Áætlað er að kostnaður á ársgrundvelli verði um **156 m.kr.** eða um 13 m.kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að um 780 notendur fái minni skerðingu miðað við þær forsendur að breytingin hefði átt sér stað í desember.

Lagt er til að breytingar samkvæmt þessum lið gildi afturvirkir frá 1. janúar 2023.

## 5. Lágmarks húsnæðiskostnaður

Núgildandi 3. mgr. 4. gr. er svohljóðandi:

### 4. gr.

#### **Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings**

.....

*Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 40.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 40.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.*

Lagt er til að 3. mgr. 4. gr. verði svohljóðandi:

*Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki **50.000** kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir **50.000** kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.*

Sé lágmarks húsnæðiskostnaður hækkaður og öllum öðrum þáttum haldið óbreyttum þá lækkar kostnaður um 4 m.kr. á mánuði. Áætlað er að enginn kostnaður verði af tillögum á ársgrundvelli en hún mun hafa áhrif á notendur sem greiða lágur leigufjárhæðir. Gert er ráð fyrir að 618 notendur muni fá lægri greiðslur vegna hækkunar á lágmarki húsnæðiskostnaðar um 10.000 kr. á mánuði. Þeir notendur sem þetta mun hafa áhrif á eru þeir sem búa einir í húsnæði eða þeir sem eru með fjölskyldustöðuna einhleypir. Sá hópur sem lágmarkið hefur áhrif á eru flestir með greiðslubyrði húsnæðiskostnaðar af heildartekjum sem nemur 20% eða minna.

Í desember 2022 hefði enginn misst rétt á sérstökum húsnæðisstuðning en ekki var greitt vegna fjögurra umsókna vegna þess að leiga með tilliti til húsnæðisbóta var undir 40.000 kr.

Lagt er til að breytingin taki gildi 1. maí 2023.

## 6. Aðrar breytingar

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru ætlaðar til að skerpa á vissum þáttum og auka samræmi milli húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings. Þá fela breytingarnar einnig í sér minni umsýslu fyrir notendur auk vinnusparnaðar fyrir starfsfólk. Lagt er til að breytingarnar taki gildi 1. maí 2023.

Breyting á 2. gr.

Núgildandi 1. og 2. mgr. 2. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru svohljóðandi:

*Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og skal skilað á þjónustumiðstöð í því hverfi sem umsækjandi á lögheimili í og skal*



hún undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta 1) , skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Lagt er til að 2. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. **Umsókn skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum og undirskriftum heimilisfólks, 18 ára og eldra, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd ásamt staðfestingu heimilisfólks, 18. ára og eldra.**

Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og **annað heimilisfólk**, 18 ára og **eldra**, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta<sup>1)</sup>, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, **Menntasjóði námsmanna** og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Ofangreind breyting er lögð til í samræmi við þá framkvæmd að nú er unnt að sækja rafrænt um sérstakan húsnæðisstuðning en gildandi reglur hafa ekki verið uppfærðar með tilliti til þess. Þá er einnig í sömu grein Lánasjóði íslenskra námsmanna skipt út fyrir Menntasjóð námsmanna eins og sjóðurinn heitir nú.

#### Breyting á 6. gr.

Núgildandi 2. og 4. mgr. 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru svohljóðandi:

#### **6. gr.**

#### ***Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings***

.....

*Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi*

almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

.....  
Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

Lagt er til að 2. mgr. 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

.....  
Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar **eftir að réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið staðreyndur** og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. **Óheimilt er að greiða sérstakan húsnæðisstuðning lengra aftur í tímann.** Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Lagt er til að 4. mgr. 6. gr. verði færð í 9. gr. og verði að 2. mgr. 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lagt er til að texti 6. gr. reglnanna verði uppfærður til samræmis við 21. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og ákvæðið sé gert skýrara hvað varðar það að sérstakur húsnæðisstuðningur sé ekki greiddur lengra aftur í tímann en fyrir undanfarandi almanaksmánuð. Frá gildistöku reglnanna hefur framkvæmdin verið á þann veg að sérstakur húsnæðisstuðningur hefur ekki verið greiddur aftur í tímann en mikilvægt er að kveðið sé skýrar á um það í reglunum. Í þessu samhengi er einnig nauðsynlegt að líta til þess að greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings getur aðeins átt sér stað ef húsnæðisbætur eru greiddar fyrir sama tímabil.

#### Breyting á 8. gr.

Núgildandi 2. mgr. 8. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

#### **8. gr. Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna**

.....  
Ákvæði 3.-5. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Lagt er til að 2. mgr. 8. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

.....  
Ákvæði 3.-5. gr. **og 1. mgr. 6. gr.** reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Hvað varðar breytingu á 8. gr. reglnanna varðandi greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings vegna 15-17 ára barna þá felur hún í sér að það verði gert skýrara að það er ekki skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings vegna 15-17 ára barna að umsækjandi fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Er þessi breyting í samræmi við 3. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 þar sem fram kemur að sveitarfélög skuli veita foreldrum eða forsjáraðilum 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili húsnæðisstuðning og að stuðningurinn skuli vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna og ekki yfir 75% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar.

#### Breyting á heiti V. kafla

Núgildandi heiti á V. kafla reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

##### *V. kafli*

*Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar*

Lagt er til að heiti á V. kafla reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

##### *V. kafli*

*Gildistími umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar*

#### Breyting á 9. gr.

Núgildandi 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

##### **9. gr.**

##### **Endurnýjun umsóknar**

*Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg.*

Lagt er til að 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

##### **9. gr.**

##### **Gildistími umsóknar**

*Samþykkt umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning heldur gildi sínu á meðan skilyrði 3. gr. reglna þessara eru uppfyllt. Flytji umsækjandi úr húsnæði, sem umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning varðar og hefur leigu í nýju húsnæði, er nauðsynlegt að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning að nýju.*

*Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.*

*Árlega fer fram lokauppgjör á húsnæðisbótum hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta vegna ársins á undan. Í kjölfar þess er sérstakur húsnæðisstuðningur endurreiknaður sbr. 11. gr. reglna þessara, m.t.t. breytinga sem fram koma í lokauppgjöri húsnæðisbóta. Umsókn um sérstakan*

*húsnæðisstuðning fellur sjálfkrafa úr gildi ef í ljós kemur eftir endurreikning í kjölfar lokauppgjörs á húsnæðisbótum að umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglna þessara, allt árið á undan og alla mánuði fram fram að framkvæmd endurútreiknings.*

Lögð er til breyting á heiti V. kafla reglnanna í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 9. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Í 9. gr. er lagt til að hætt verði að gera kröfu um að umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning verði endurnýjaðar á 12 mánaða fresti til að viðhalda gildi umsókna. Lagt er til að umsóknir haldi gildi sínu á meðan skilyrði 3. gr. reglnanna eru uppfyllt og umsækjandi er búsettur í sama húsnæði. Í umræddri tillögu felst gífurlegur vinnusparnaður fyrir starfsfólk á miðstöðvum auk þess sem umrædd breyting sparar notendum töluverða umsýslu. Þá fær velferðarsvið fær upplýsingar með rafrænum hætti frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þegar leigusamningum lýkur eða þeir falla úr gildi.

Einnig er lagt til í 9. gr. að umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning falli sjálfkrafa úr gildi þegar í ljós kemur við endurreikning á sérstökum húsnæðisstuðningi, í kjölfar lokauppgjörs frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, að umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglnanna, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings (eða í allt að 18 mánuði). Lækki tekjur viðkomandi á ný þarf hann að sækja aftur um sérstakan húsnæðisstuðning.

#### Breyting á 12. gr.

Núgildandi 1. mgr. 12. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning er svohljóðandi:

#### **12. gr.**

##### **Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi**

*Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.*

Lagt er til að 1. mgr. 12. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði svohljóðandi:

*Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. **Við endurskoðun er velferðarsviði heimilt að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi til umsækjanda við vangreiðslur til hans á tímabilinu sem endurskoðun nær til.** Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.*

Í 12. gr. er lagt til að við endurskoðun verði velferðarsviði heimilt að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi til umsækjanda við vangreiðslur sem

endurskoðun nær til. Í þessu felst að vangreiðslur til umsækjanda koma ekki til útborgunar fyrr en ofgreiðslur til hans hafa verið greiddar.

#### Breyting á orðnotkun

Lagt er til að orðalagið miðstöð Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöð í hverfi komi í stað orðsins þjónustumiðstöð þar sem vísað er til þess í reglunum, eftir því sem við á. Framangreind breyting byggir á því að ekki eru lengur til staðar þjónustumiðstöðvar á vegum Reykjavíkurborgar heldur nefnast þær nú Austur-, Vestur-, Suður- og Norðurmiðstöð og því er eðlilegra að vísa til þeirra sem miðstöðva Reykjavíkurborgar eða viðeigandi miðstöðvar í hverfi.

Þá eru einnig lagðar til breytingar á orðalagi í samræmi við kynhlutleysi og er orðunum starfsmenn skipt út fyrir starfsfólk og heimilismönnum fyrir heimilisfólk.

#### Breyting á ákvæðum til bráðabirgða

Núgildandi ákvæði til bráðabirgða í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru nú svohljóðandi:

#### **Ákvæði til bráðabirgða**

*I. Umsóknir einstaklinga sem eiga samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) halda gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.*

*II. Greiðslur falla niður ef umsækjandi, sem á samþykka umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík), sinnir ekki boði um viðtal og leggur ekki fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning innan tveggja mánaða.*

*III. Breytingar á 1. mgr. 4. gr. reglna þessara varðandi stuðul til útreiknings sérstaks húsnæðisstuðnings og breytingar á 3. mgr. 5. gr. varðandi tekjumörk verða afturvirkar frá 1. janúar 2017.*

Lagt er til að II. og III. ákvæði til bráðabirgða verði felld brott.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar undir liðnum aðrar breytingar leiði til breytinga á kostnaði.

Samþykkt á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. maí 2017 og á fundi borgarráðs þann 8. júní 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 og á fundi borgarráðs þann 14. desember 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2018, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 6. febrúar 2019 og á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 13. febrúar 2020, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 og á fundi borgarráðs þann 11. febrúar 2021, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 10. febrúar 2022, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. október 2022 og á fundi borgarráðs þann 13. október 2022 með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 1. mars 2023 og á fundi borgarráðs þann x. mars 2023.

# Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

## I. kafli Almenn ákvæði

### 1. gr. Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna.

## II. kafli Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

### 2. gr. Umsókn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum og undirskriftum heimilisfólks, 18 ára og eldra, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð Reykjavíkurborgar, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd ásamt staðfestingu heimilisfólks, 18 ára og eldra.<sup>1)</sup> Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og annað heimilisfólk, 18 ára og eldra, velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta<sup>1)</sup>, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Menntasjóði námsmanna<sup>2)</sup>, og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum

aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

2) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

3) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

### 3. gr.

#### Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
3. Leiguhúsnæði skal vera í Reykjavík nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn, sbr. 8. gr. reglna þessara.
4. Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglum þessum.
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annars heimilisfólks<sup>1)</sup> 18 ára og eldra, séu undir efri tekjumörkum samkvæmt 5. gr. reglna þessara.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærrí en 7.158.000 kr.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. janúar 2018, 1. júní 2019, 1. janúar 2021 og 1. maí 2023.

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi. Í þeim tilfellum hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. er uppfyllt.

## III. kafli

### Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

#### 4. gr.

##### Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 5. gr. reglna þessara.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 90.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017,

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 50.000 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 50.000 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017 og 1. maí 2023.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

## 5. gr.

### Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.<sup>1)</sup>

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.257.544	6.571.930	438.129	547.661
2	6.953.525	8.691.906	579.460	724.326
3	8.140.713	10.175.891	678.393	847.991
4 eða fleiri	8.819.106	11.023.883	734.926	918.657

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017, 1. janúar 2018, 1. janúar 2019, 1. janúar 2020, 1. janúar 2021, 1. janúar 2022, 1. júní 2022 og 1. janúar 2023.

## 6. gr.

### Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar eftir að réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið staðreyndur og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar



en fyrsta dag almanaxmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaxmánaðar. Óheimilt er að greiða sérstakan húsnæðisstuðning lengra aftur í tímann. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.<sup>1)</sup>

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

#### **7. gr.**

##### **Frestun greiðslna**

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta<sup>1)</sup> skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta.<sup>1)</sup> Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Í framangreindum tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

### **IV. kafli**

#### **Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna**

#### **8. gr.**

##### **Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna**

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. og 1. mgr. 6. gr.<sup>1)</sup> reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

### **V. kafli**

#### **Gildistími umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar<sup>1)</sup>**

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

#### **9. gr.**

##### **Gildistími umsóknar<sup>1)</sup>**

Samþykkt umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning heldur gildi sínu á meðan skilyrði 3. gr. reglna þessara eru uppfyllt. Flytji umsækjandi úr húsnæði, sem umsókn um sérstakan

húsnæðisstuðning varðar og hefur leigu í nýju húsnæði, er nauðsynlegt að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning að nýju.<sup>1)</sup>

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.<sup>1)</sup>

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Árlega fer fram lokauppgjör á húsnæðisbótum hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta vegna ársins á undan. Í kjölfar þess er sérstakur húsnæðisstuðningur endurreiknaður sbr. 11. gr. reglna þessara, m.t.t. breytinga sem fram koma í lokauppgjöri húsnæðisbóta. Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning fellur sjálfkrafa úr gildi ef í ljós kemur eftir endurreikning í kjölfar lokauppgjors á húsnæðisbótum að umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglna þessara, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings.<sup>1)</sup>

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

## 10. gr.

### Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

## 11. gr.

### Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annars heimilisfólks<sup>1)</sup>, sbr. 14. gr. reglna þessara.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilisfólks<sup>1)</sup>, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 12. gr. reglna þessara.

## 12. gr.

### Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir

endurskoðun. Við endurskoðun er velferðarsviði heimilt að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi til umsækjanda við vangreiðslur til hans á tímabilinu sem endurskoðun nær til.<sup>1)</sup> Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

### **13. gr.**

#### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafíð umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgangi umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Leiði athugun í ljós að umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning hafi fengið greidda hærri fjárhæð en hann átti rétt á samkvæmt reglum þessum ber umsækjanda að endurgreiða þann mismun. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá sérstökum húsnæðisstuðningi sem umsækjandi kann síðar að eiga rétt á. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

## **VI. kafli**

### **Málsmeðferð**

#### **14. gr.**

##### **Könnun á aðstæðum**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

#### **15. gr.**

##### **Samvinna við umsækjanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

#### **16. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsfólk<sup>1)</sup> kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara

samkvæmt lögum eða eðli máls er því óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

### **17. gr.**

#### **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk<sup>1)</sup> bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk<sup>1)</sup> einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

### **18. gr.**

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsfólk viðeigandi miðstöðvar í hverfi<sup>1)</sup> tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

1) Breyting tekur gildi 1. maí 2023.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

### **19. gr.**

#### **Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti sem fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

### **20. gr.**

#### **Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

**21. gr.**  
**Gildistaka**

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi 7.-10. gr. auk 21. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík.

**Ákvæði til bráðabirgða**

I. Umsóknir einstaklinga sem eiga samþykktu umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) halda gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

# MATSVIÐMIÐ FYRIR SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING

<b>Staða umsækjanda</b>	<b>Stig</b>
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla hjá miðstöð Reykjavíkurborgar vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2
<b>Húsnæðisstaða</b>	
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er minni en 20% af tekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 20% af tekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 30% af tekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eða húsnæði er sannanlega óbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4
<i>Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
<i>Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
<b>Félagslegar aðstæður umsækjanda</b>	
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu á miðstöð Reykjavíkurborgar á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur á undanförunum 24 mánuðum.	4
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá miðstöð Reykjavíkurborgar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4

*Til að umsókn öðlist gildi þarf umsækjandi að fá að lágmarki sex stig, þar af tvö stig fyrir félagslegar aðstæður.*

*Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki*

Samþykkt á fundi velferðarráðs þann 3. nóvember 2016 og á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2016, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. maí 2017 og á fundi borgarráðs þann 8. júní 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 7. desember 2017 og á fundi borgarráðs þann 14. desember 2017, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 18. janúar 2018 og á fundi borgarráðs þann 25. janúar 2018, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 6. febrúar 2019 og á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 13. febrúar 2020, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 og á fundi borgarráðs þann 11. febrúar 2021, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar 2022 og á fundi borgarráðs þann 10. febrúar 2022, með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann 5. október 2022 og á fundi borgarráðs þann 13. október 2022 með breytingum samþykktum á fundi velferðarráðs þann **xx. mars 2023 og á fundi borgarráðs þann x. mars 2023.**

# Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

## I. kafli Almenn ákvæði

### 1. gr. Skilgreining og markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og félagslegra aðstæðna.

## II. kafli Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

### 2. gr. Umsókn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn **skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum og undirskriftum heimilisfólks, 18 ára og eldra, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá miðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd ásamt staðfestingu heimilisfólks, 18 ára og eldra.**

~~vera skrifleg á sérstöku eyðublaði og skal skilað á þjónustumiðstöð í því hverfi sem umsækjandi á lögheimili í og skal hún undirrituð af heimilismönnum, 18 ára og eldri, til staðfestingar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.~~ Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og ~~aðrir~~ **heimilismenn** fólki, 18 ára og eldrai., velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem framkvæmdaraðila húsnæðisbóta<sup>1)</sup>, skattfyrivöldum, Þjóðskrá Íslands, **Lánasjóði**

~~Íslenskra~~Menntasjóði námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

### 3. gr.

#### Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið staðreyndur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.
3. Leiguhúsnæði skal vera í Reykjavík nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára börn, sbr. 8. gr. reglna þessara.
4. Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglum þessum.
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annar ~~ras~~ heimilis ~~mannafólks~~ 18 ára og eldra, séu undir efri tekjumörkum samkvæmt 5. gr. reglna þessara.
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annar ~~ras~~ heimilis ~~mannafólks~~, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en ~~6.186.000 kr.~~ **7.158.000 kr.**<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. janúar 2018, 1. júní 2019, 1. janúar 2021, ~~dd.mm~~ **2023**.

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi. Í þeim tilfellum hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. er uppfyllt.

## III. kafli

### Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

#### 4. gr.

##### Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 4. gr. og að teknu tilliti til áhrifa tekna samkvæmt 5. gr. reglna þessara.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017.



Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 90.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017,

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verði að lágmarki 40.000 **50.000** kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda að teknu tilliti til húsnæðisbóta er undir 40.000 **50.000** kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017, **dd.mm 2023**.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

## 5. gr.

### Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni.

Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.<sup>1)</sup>

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292	6.119.111	407.941	509.926
2	6.474.408	8.093.017	539.534	674.418
3	7.579.800	9.474.752	631.650	789.563
4 eða fleiri	8.211.456	10.264.315	684.288	855.360

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017, 1. janúar 2018, 1. janúar 2019, 1. janúar 2020, 1. janúar 2021, 1. janúar 2022, 1. júní 2022.

Fjöldi heimilis- <b>mannafólks</b>	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	<b>5.257.544</b>	<b>6.571.930</b>	<b>438.129</b>	<b>547.661</b>
2	<b>6.953.525</b>	<b>8.691.906</b>	<b>579.460</b>	<b>724.326</b>
3	<b>8.140.713</b>	<b>10.175.891</b>	<b>678.393</b>	<b>847.991</b>

4 eða fleiri	8.819.106	11.023.883	734.926	918.657
--------------	-----------	------------	---------	---------

1) Breyting tók gildi 1. júlí 2017, 1. janúar 2018, 1. janúar 2019, 1. janúar 2020, 1. janúar 2021, 1. janúar 2022, 1. júní 2022. dd.mm.2023.

## 6. gr.

### Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar **eftir að réttur til sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið staðreyndur** og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefjist leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. **Óheimilt er að greiða sérstakan húsnæðisstuðning lengra aftur í tímann.** Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi dd.mm.2023.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að greiða sérstakan húsnæðisstuðning til leigusala samkvæmt skriflegri beiðni umsækjanda.

~~Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.~~

## 7. gr.

### Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta<sup>1)</sup> skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta.<sup>1)</sup> Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

Í framangreindum tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

## IV. kafli

### Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

## 8. gr.

### Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur

60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 3.-5. gr. og 1. mgr. 6. gr.<sup>1)</sup> reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

1) Breyting tók gildi dd.mm 2023.

## V. kafli

### ~~Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar~~

### **Gildistími** umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

#### 9. gr.

##### ~~Endurnýjun umsóknar~~

~~Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg.<sup>1)</sup>~~

~~1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.~~

##### **Gildistími umsóknar**

Samþykkt umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning heldur gildi sínu á meðan skilyrði 3. gr. reglna þessara eru uppfyllt. Flytji umsækjandi úr húsnæði, sem umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning varðar og hefur leigu í nýju húsnæði, er nauðsynlegt að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning að nýju.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðamótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilkynna umsækjanda án ástæðulauss dráttar að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal þó falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

Árlega fer fram lokauppgjör á húsnæðisbótum hjá framkvæmdaraðila húsnæðisbóta vegna ársins á undan. Í kjölfar þess er sérstakur húsnæðisstuðningur endurreiknaður sbr. 11. gr. reglna þessara, m.t.t. breytinga sem fram koma í lokauppgjöri húsnæðisbóta. Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning fellur sjálfkrafa úr gildi ef í ljós kemur eftir endurreikning í kjölfar lokauppgjörs á húsnæðisbótum að umsækjandi er með tekjur hærri en efri tekjumörk, sbr. 5. gr. reglna þessara, allt árið á undan og alla mánuði fram að framkvæmd endurútreiknings.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi dd.mm. 2023.

#### 10. gr.

##### **Breytingar á aðstæðum umsækjanda**

Umsækjandi skal upplýsa velferðarsvið Reykjavíkurborgar um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

## 11. gr. Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annars **fas** heimilis **mannafólks**, sbr. 14. gr. reglna þessara.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilis heimilis **mannafólks**, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 12. gr. reglna þessara.

## 12. gr. Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. **Við endurskoðun er velferðarsviði heimilt að skuldajafna ofgreiddum sérstökum húsnæðisstuðningi til umsækjanda við vangreiðslur til hans á tímabilinu sem endurskoðun nær til.<sup>1)</sup>** Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

1) Breyting tók gildi dd.mm 2023.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

## 13. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkrafíð umsækjanda um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Leiði athugun í ljós að umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning hafi fengið greidda hærri fjárhæð en hann átti rétt á samkvæmt reglum þessum ber umsækjanda að endurgreiða þann mismun. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá sérstökum húsnæðisstuðningi sem umsækjandi kann síðar að eiga rétt á.

Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

## VI. kafli Málsmeðferð

### 14. gr.

#### Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

### 15. gr.

#### Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

### 16. gr.

#### Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmaðnfólk kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeimví óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

### 17. gr.

#### Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaðurfólk bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaðurfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

### 18. gr.

#### Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmennsfólk viðkomandi viðeigandi þjónustu miðstöðvar í hverfi takatekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandaumsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notandaumsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

## 19. gr.

### Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti sem fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal **netandi umsækjandi** fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnálaganna nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 20. gr.

### Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

## 21. gr.

### Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2017. Jafnframt falla þá úr gildi 7.-10. gr. auk 21. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík.

## Ákvæði til bráðabirgða

I. Umsóknir einstaklinga sem eiga samþykktu umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík) halda gildi sínu á meðan skilyrði reglna þessara eru uppfyllt.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 14. desember 2017.

~~II. Greiðslur falla niður ef umsækjandi, sem á samþykktu umsókn um sérstakar húsaleigubætur (á grundvelli reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík), sinnir ekki boði um viðtal og leggur ekki fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning innan tveggja mánaða.~~

~~III. Breytingar á 1. mgr. 4. gr. reglna þessara varðandi stuðul til útreiknings sérstaks húsnæðisstuðnings og breytingar á 3. mgr. 5. gr. varðandi tekjumörk verða afturvirkar frá 1. janúar 2017.<sup>4)</sup>~~

~~4) Breyting tók gildi 1. júlí 2017.~~



# MATSVIÐMIÐ FYRIR SÉRSTAKAN HÚSNÆÐISSTUÐNING

<b>Staða umsækjanda</b>	<b>Stig</b>
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla hjá þjónustumiðstöð <b>Reykjavíkurborgar</b> vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2
<b>Húsnæðisstaða</b>	
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er minni en 20% af tekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 20% af tekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi; húsnæðiskostnaður að teknu tilliti til húsnæðisbóta er meiri en 30% af tekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eða húsnæði er sannanlega óbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4
<i>Með húsnæðiskostnaði er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
<i>Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.</i>	
<b>Félagslegar aðstæður umsækjanda</b>	
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá þjónustumiðstöðvar <b>Reykjavíkurborgar</b> , annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu á þjónustumiðstöðva <b>Reykjavíkurborgar</b> á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur á undanförunum 24 mánuðum.	4
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning frá þjónustumiðstöðvar <b>Reykjavíkurborgar</b> , annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4

*Til að umsókn öðlist gildi þarf umsækjandi að fá að lágmarki sex stig, þar af tvö stig fyrir félagslegar aðstæður.*

*Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn þátt í hverjum flokki*